

## Aðalfundur FMR, haldinn í hátíðarsal skólans, 15. október 2019 kl. 20:00-22:00.

Mættir voru um 90 félagsmenn.

Ragný Þóra Guðjohnsen, formaður stjórnar FMR setti fundinn.

Gengið var til kosninga um fundarstjóra og fundarritara. Fundarstjóri var kosinn Sigrún Jóhannesdóttir og fundarritari Bryndís Kristjánsdóttir.

**Elísabet Siemsen, rektor MR**, fór yfir mikilvægi foreldrafélagsins fyrir skólann. Félagið væri mjög öflugt og styddi með ýmsum hætti við bæði nemendur og starf skólans. Þá kynnti rektor nýjan konrektor fyrir fundarmönnum, Einar Hreinsson.

Nemendur skólans væru nú alls 654 talsins; 238 í 4. bekk, 202 í 5. bekk og 214 í 6. bekk. Nemendum hefði eðli máls samkvæmt fækkað frá því á síðastliðnu skólaári, þar sem nú væru allir nemendur við skólann í 3ja ára námi. Enginn nemandi væri með yfir 40 klst. skólasókn. Stefna skólans væri þó alltaf sú sama, þ.e. að útskrifa nemendur hæfa til háskólanáms.

Líðan nemandi væri höfð að leiðarljósi í öllu skólastarfi. Umsjónarkennarar væru nú að taka viðtöl við hvern og einn nemandi til að kanna m.a. líðan þeirra í skólanum. Í nóvember væru fyrirhugaðir fundir rektors með nemendum með svipuðum hætti og í fyrra. Hefðu þeir fundir verið vel sóttir. Námsráðgjafi væri starfandi við skólann en auk þess hjúkrunarfræðingur í 70% starfi. Sá einstaklingur væri einnig í 30% starfi á heilsugæslustöð og nefndi rektor að þar væri starfandi sálfræðingur.

Tekin hefði verið upp sú nýbreytni að bjóða upp á hafragraut fyrir nemendur á morgnana. Væri mikil ánægja með þetta á meðal nemenda og væru um 100 nemendur sem nýttu sér þetta á hverjum degi. Þá hefði skólinn útbúið hvíldarherbergi fyrir nemendur. Þar væru dýnur, koddar og teppi. Gætu nemendur hvílt sig þar við lágværa tónlist og daufa birtu. Væri þetta mikið notað. Þá hefði húsgögnum verið skipt út í Cösu til að búa betur að nemendum.

Þá gerði rektor grein fyrir áhyggjum sínum af málabrautinni. Hefði nemendum fækkað á þeirri braut á undanförunum árum. Yrði mikill missir af því fyrir skólann og þjóðfélagið ef nám á þeirri braut yrði lagt niður. Nefndi rektor að æskilegt væri að umræða í samfélaginu yrði gert hærra undir höfði um mikilvægi þessa náms.

**Hefðbundin aðalfundarstörf** hófust með því að Ragný Þóra Guðjohnsen, formaður stjórnar FMR fór yfir **skýrslu stjórnar 2018-2019**. Ný stjórn tók við á aðalfundi fyrir ári síðan. Var hún skipuð auk Ragnýjar, Erlendi Svavarssyni, Geirprúði Alfreðsdóttur, Katrínu Heiðar, Sigríði Björnsdóttur, Sigríði Hermannsdóttur, Sigrúnu Jóhannesdóttur, Thor Aspelund og Þórði Helgasyni. Í upphafi starfsárs skipti stjórn með sér verkum. Níu stjórnarfundir voru haldnir á árinu.

Valkvætt félagsgjald fyrir hverja fjölskyldu nemenda í MR var kr. 4.000 á síðastliðnu skólaári. Voru 40% seðlanna greiddir á skólaárinu 2018-2019. Sjóðurinn var notaður til að fjármagna

edrupottinn, en kr. 240.000 voru settar í þann pott fyrir hverja skólaskemmtun. Þá var keyptur áfengismælir til notkunar á skemmtunum skólans. Tveir fræðslufundir voru haldnir á árinu. FMR veitti styrk til að útbúa slökunarherbergi í skólanum og styrkur var veittur til kaupa á nýjum húsgögnum í Cösu.

Þakkaði Ragný f.h. fráfarandi stjórnar foreldrum, nemendum, stjórnendum og starfsfólki skólans fyrir frábært samstarf.

Sigríður Hermannsdóttir, gjaldkeri, fór næst yfir **ársreikninga félagsins**. Er fjárhagsleg staða félagsins nú ágæt. Með fækkun nemenda væri þó fyrirséð að tekjuhlíð félagsins myndi dragast saman. Ítrekaði Sigríður mikilvægi þess að foreldrar sem þess ættu kost, myndu greiða valgreiðsluseðlana til að styðja við starfsemi félagsins. Voru reikningar félagsins í kjölfarið bornir upp til atkvæðagreiðslu og þeir samþykktir einróma.

Þá lagði Sigríður til óbreytta **fjárhæð félagsgjalds** vegna yfirstandandi skólaárs, þ.e. kr. 4.000 fyrir hverja fjölskyldu nemenda. Var það samþykkt einróma.

Bryndís Kristjánsdóttir gerði grein fyrir tillögum að **breytingum á samþykktum félagsins**. Breytingarnar lutu annars vegar að 7. gr. samþykktanna um „aðalfund“ og hins vegar að 8. gr. um „stjórn“. Breytingartillögurnar má finna á FB síðu FMR. Á fundinum var lögð fram breytingartillaga við framlagna tillögu við 8. gr. samþykktanna, til að taka fram með skýrari hætti að framboði til stjórnar væri hægt að koma að á aðalfundinum sjálfum. Var sú breytingartillaga borin upp til samþykktar og hún samþykkt einróma. Þá voru breytingartillögurnar bornar upp hvor grein fyrir sig og samþykktar einróma.

2. mgr. 8. gr. samþykktanna hljóðar þá svo:

*„Framboð til stjórnar skal berast formanni með sannanlegum hætti á tímabilinu frá skólasetningu að hausti og eigi síðar en á aðalfundi“.*

Sigrún Jóhannesdóttir fór þá yfir **framboð til stjórnar**. Alls 13 einstaklingar hafa boðið sig fram til stjórnarsetu. Var sá listi boðinn upp til atkvæðagreiðslu í heild sinni og samþykktur einróma. Stjórn FMR skólaárið 2019-2020 skipa því eftirfarandi einstaklingar: Áslaug Kristjánsdóttir, Bryndís Kristjánsdóttir, Erlendur Svavarsson, Geirþrúður Alfreðsdóttir, Gylfi Magnússon, Gylfi Zoega, Katrín Heiðar, Margrét Hafsteinsdóttir, Ritawati Effendy, Rósa Björk Brynjólfssdóttir, Sigríður Björnsdóttir, Sigríður Hermannsdóttir og Thor Aspelund. Mun stjórn skipta með sér verkum á fyrsta stjórnarfundinum nýrrar stjórnar.

Eftir kaffihlé hélt **Elísabet Margeirsdóttir, næringarfræðingur og ofurhlaupari** erindi um lífsstíl og heilsuvenjur ungmenna. Fjallaði hún um þau atriði sem ungmenni þurfa að hafa í huga til að byggja upp góðar heilsuvenjur til framtíðar. Einnig fór hún yfir hvernig umhverfið mótar heilsuvenjur til framtíðar og hve erfitt getur verið í hröðu nútímasamfélagi að taka góðar og skynsammar ákvarðanir í tengslum við heilsu og fæðuval.

Fundi var slitið kl. 22:00

Fundargerð ritaði Bryndís Kristjánsdóttir